



## RÉTTINDI NÓVEMBER 2006

### Fyrstu pælingar:

- Réttindi er svo margt
- Hver á réttinn í umferðinni?
- Maður á rétt á að vita hvað er í gangi?
- Kvenréttindi, karlar hafa oftast hærra laun en konur
  - Karlar hafa ekki oftast hærra laun
  - Laun stétta lækka þegar konum fjölgar í stéttinni
  - Réttur til að sýna andlitið á sér, og aðra líkamshluta
  - Gamalt vandamál: karlar töldu sig æðri en konur, hvítir æðri en svartir
  - Karlar eru líkamlega sterkari en konur – staðreynd
  - Fleiri konur í HÍ - staðreynd
  - Vinnuveitendur vilja síður konur í vinnu, því þær fara í fæðingarorlof
  - Sumir karlar bera enga virðingu fyrir konum – sumar konur bera enga virðingu fyrir körlum
  - Konur eiga meiri líkur á að fá forræði yfir börnunum við skilnað – af hverju? – ekki algilt, fer eftir aðstæðum á heimilinu
    - Barnið háðara móðurinni? Konur tengdari börnunum?
    - Karlarnir vilja ekki börnin?
    - Konur betri í að ala upp unglingsstúlkur, Karlar betri í að ala upp unglingsstrákana
  - Eiga konur meiri rétt á forræði yfir börnum heldur en karlar?
    - Já, ef börnin eru mjög ung, á brjósti, þá eru þau háð móðurinni en ekki föðurnum
- Réttur til að gera eitthvað
- Hafa börn réttindi?
  - Mjög ung börn eiga rétt á að búa hjá móður sinni, af því að með brjóstamjólkinni lifa þau betra lífi en án þess
  - Réttur barnsins að vera þar sem því líður best
  - Hafa börn rétt á að neita að vera með foreldrum sínum?
    - Já, ef þeim líður illa og foreldrarnir bæta sig ekkert
    - Já, þau eiga að hafa rétt á að búa hjá því foreldrinu sem býr við betri aðstæður
    - Þarf að reyna að ná samkomulagi – ræða við foreldrana og rannsaka málið – Foreldrarnir verða þá að bæta ráð sitt, þeir fatta kannski ekki að þeir eru andstyggilegir
  - Hvað er barnið er ekki húsum hæft – hafa foreldrarnir þá rétt á að losna við barnið?
    - Sumum foreldrum er bara alveg sama
    - Foreldrar ættu að geta hent börnunum sínum út af heimilinu
    - 18 ára hætta foreldrarnir að bera ábyrgð
    - Ekki hægt að taka börn frá foreldrum sínum þótt þau, börnin, séu ómöguleg
- Við skilnað – hver á rétt á hverju?

## Framhald á samræðu föstudaginn 17. nóvember 2006

### Dæmi um réttindi sem allar manneskjur ættu að hafa, alltaf og alls staðar

1. Allir innflytjendur eiga að hafa sömu réttindi og innfluttir, t.d. rétt á sömu meðferð fyrir dómum
2. Allar manneskjur eiga að hafa sömu réttindi, óháð kynþætti, trúarbrögðum og fleiri slíkum einkennum. Annað er ósanngjarnt.
3. Karlar og konur eiga að hafa **rétt á jafn löngu fæðingarorlofi** af því að þau eiga bæði jafn mikið í barninu.
4. Allar manneskjur eiga **rétt á einkalífi** af því að allir vilja fá að hafa ákveðin máli í friði án þess að allir viti af þeim
5. Allar manneskjur eiga að **hafa skoðanir og taka eigin ákvarðanir** svo lengi sem þær eru skynsamlegar. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir kúgun og þrýsting á fólk sem hugsar öðruvísi en meirihlutinn.

Dæmi 1. og 2. eru fullyrðingar um að allar manneskjur eigi að hafa sömu réttindi, annað sé ósanngjarnt. Þetta eigum við eftir að ræða betur.

Dæmi 3.-5. eru dæmi um réttindi sem allir ættu að hafa.

Þegar við skoðum þessi dæmi kemur í ljós að ekkert þeirra er virkt um allan heim, öll þessi réttindi eru brotin í mis miklum mæli víða um heim.

Ef við skoðum dæmin í íslensku samhengi kemur eftirfarandi í ljós:

**Dæmi 1.** Réttur karla og kvenna á jafn löngu fæðingarorlofi er **tryggður í lögum** sem segja að fæðingarorlof sé samtals 9 mánuðir, karlinn á einkarétt á 3 mánuðum, konan einkarétt á 3 mánuðum og saman mega þau skipta á milli sín síðustu 3 mánuðunum. Þau ráða því hvort þau taka orlofið í sitt hvoru lagi eða saman. Þau fá 80% af venjulegum tekjum sínum úr sjóði ríkisins sem vinnuveitendur hafa greitt í.

Þótt þessi réttur sé tryggður jafnt fyrir alla í lögum þá er raunin sú að karlar nýta hann ekki til jafns við konur – ástæður fyrir því gætu verið:

- Karlar fá síður leyfi til orlofsins hjá vinnuveitendum
- Hærra launaði aðillinn fer síður í leyfi ef tekjur hans/hennar skerðast umtalsvert í orlofinu (orlofsgreiðslur eru að hámarki milli 400.000 og 500.000 kr. á mánuði)
- Heilbrigðiskerfið mælir með að brjóstgjöf standi í a.m.k. 6 mánuði og því er líklegt að konur vilji helst taka aukamánuðina 3 í sitt orlof.

**Dæmi 3.** Réttur allra fullorðinna Íslendinga til að hafa sjálfstæðar skoðanir og taka eigin ákvarðanir er **lögvarinn**. Hann er samt **ekki fullkominn í raun** því það kemur fyrir að fólk er lagt í einelti fyrir það að hafa skoðanir sem eru ekki eins og skoðanir meirihlutans.

Börnum (0-18 ára Íslendingum) er ekki tryggður þessi réttur á sama hátt og fullorðnum.

### Óleystar spurningar í lok tímans:

Af hverju hafa íslensk börn ekki sömu réttindi og fullorðnir?

Er skynsemi misjöfn milli manna?

**Framhald á samræðu þriðjudaginn 21. nóvember 2006**

**Af hverju hafa íslensk börn ekki sömu réttindi og fullorðnir?**

- 

**Er skynsemi misjöfn milli manna? Hvaða máli skiptir það fyrir réttinn til að hafa sína eigin skoðun?**

-